

## **Sólheimar - breyting á aðalskipulagi vegna vindorkuvers - 2003041**

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuvers í landi Sólheima. Tillagan var auglýst 23. nóvember 2020 með athugasemdafresti til 20. janúar 2021.

*Umsagnir bárust frá lögboðnum umsagnaraðilum og hagsmunaaðilum. Þess má geta að leitað var umsagnar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands en stofnunin ákvað að senda ekki inn umsögn.*

*Umsagnir/athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum og stofnunum: Umhverfisstofnun, Orkustofnun, Landsneti, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofu, Vegagerðinni, Landgræðslunni, Landvernd, Veðurstofu Íslands, Húnaþingi vestra, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Hagsmunum.is, Bjarna V. Guðmundssyni, Valdísi Einarsdóttur, ábúendum í Bæ í Húnaþingi vestra, Helga I. Jónssyni f.h. eigenda jarðarinnar Hamra.*

*Í umsögn frá svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar dags. 23. mars 2021 eru ekki gerðar athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna vindorkuvers í landi Sólheima með þeim rökum að hún samræmist stefnu svæðisskipulagsins um eflingu atvinnulífs sem byggir m.a. á nýtingu auðlinda og auknu raforkuöryggi.*

*Athugasemdirnar kölluðu ekki á efnislegar breytingar á aðalskipulaginu að mati skipulagsnefndar heldur voru þættir eins og mælikvarði og innsláttarvillur lagfærðar.*

*Skipulagsnefnd telur að uppdráttur og greinargerð hafi því verið uppfærð til samræmis við athugasemdir og ábendingar umsagnaraðila. Ítarleg svör sveitarfélagsins við athugasemdum eru að finna í minnisblaði sbr. fylgigagn, „Svör og viðbrögð Dalabyggðar við umsögnum og athugasemdum um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna vindorkuvers í landi Sólheima.“*

*Í samræmi við F-lið greinar 6.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með tilvísun í bréf frá Skipulagsstofnun dags. 4. september 2020 þar sem áréttað er að ekki liggur fyrir verndar- og orkunýtingaráætlun fyrir fyrirhugað iðnaðarsvæði á Sólheima og að óvíst er um framtíðarskipan mála varðandi stöðu vindorku með tilliti til slíkrar áætlunar, verða svæði fyrir fyrirhuguð vindorkuver skilgreind sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Dalabyggðar.*

*Með hliðsjón af framangreindu leggur skipulagsnefnd til að sveitarstjórn samþykki tillöguna ásamt svörum við athugasemdum og að breytingin verði send Skipulagsstofnun til staðfestingar fyrir gildistöku með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Samþykkt samhljóða.*